

Hlynur T. Torfason
Skipulagsfulltrúi hjá Dalabyggð, Reykhólahreppi, Kaldrananeshreppi
og Árneshreppi

Garðabær, 15. maí 2023
Málsnúmer: 202304-0046
IAS

Efni: Breyting á aðalskipulagi Strandabyggðar 2010-2022 og nýtt deiliskipulag – skipulagslýsing

Vísað er í tölvupóst, dags. 5. apríl 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna skipulagslýsingar fyrir breytt aðalskipulag Strandabyggðar 2010-2022 og nýtt deiliskipulag vegna Kvíslatunguvirkjunar.

Fyrirhuguð er ein sameiginleg umhverfismatsskýrsla fyrir mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og umhverfisáhrifum aðalskipulags og deiliskipulags í samræmi við 9. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Umhverfismatsskýrslan er ekki tilbúin svo ítarleg umsögn bíður þar til hún liggur fyrir.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir skipulagslýsinguna og er með eftirfarandi ábendingar.

Eins og fram kemur í skipulagslýsingunni er stór hluti framkvæmdasvæðisins innan stærsta samfellda óbyggða víðernis Vestfjarða sem mun þá skerðast ef af framkvæmdum verður.

Jarðfræði svæðisins, berggrunnur og laus jarðlög, er illa þekkt og nákvæm jarðfræðikort eru ekki til. Því er ekki vitað hvort merkar jarðminjar finnast á svæðinu eða ekki en nokkrir þekktir fundarstaðir steingervinga eru í nágrenninu. Mikilvægt er að í umhverfismati verði svæðið rannsakað með tilliti til jarðminja.

Gera þarf grein fyrir efnistöku, þ.e. staðsetning náma og umfang efnistöku á hverjum stað.

Land á framkvæmdasvæðinu virðist lítt raskað og jarðvegsrof lítið. Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar er gróðurhula gisin á heiðinni vestan Selárdals og eru melavistgerðir áberandi (lágt verndargildi) í bland við moslendi, s.s. hraungambravist og hélumosavist (lágt til miðlungs verndargildi). Í kvosum eru votlendisfleckir sem á korti eru skráðar sem starungsmýrar (mjög hátt verndargildi). Hlíðin sjálf, þar sem gert er ráð fyrir vegum og pípum, er yfirleitt vel gróin þrátt fyrir brattlendi en í henni er mósaík mólendisvistgerða og



votlendisfleckja. Votlendið virðist einkum skráð sem starungsmýravist (mjög hátt verndargildi) en mólendið er blanda lyngmóavistar á láglandi (hátt verndargildi) og starmóavistar (miðlungs hátt verndargildi) sem oft finnst á mörkum mólendis og votlendis og er það líklegt hér. Í hlíðarrótum ber á birki- og víðikjarri og hefur Skógræktin teiknað þarna töluverða birkiskógafláka sem að líkindum teljast til kjarrskógavistar. Kjarrskógavist hefur hátt verndargildi.

Tekið skal fram að vistgerðakortin eru ekki nákvæm og í þeim geta verið skekkjur þegar unnið er í stórum mælikvarða og því er nauðsynlegt að gróðurfar verði tekið út í mati á umhverfisáhrifum.

Fuglalíf á framkvæmdasvæðinu er lítt þekkt og þarf í umhverfismati að taka það út á varptíma.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur